

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 27**

27. árgangur

30.4.2020

	<b>I EES-STOFNANIR</b>	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II EFTA-STOFNANIR</b>	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
	3. EFTA-dómstóllinn	
	<b>III ESB-STOFNANIR</b>	
	1. Framkvæmdastjórnin	
<b>2020/EES/27/01</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9447 – Hitachi/ABB (Power Grid Division)) .....	<b>1</b>
<b>2020/EES/27/02</b>	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9785 – EFL/DBK/Hama Polska) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	<b>2</b>
<b>2020/EES/27/03</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.8832 – Knauf/Armstrong) .....	<b>3</b>
<b>2020/EES/27/04</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9626 – PKN Orlen/Energa) .....	<b>3</b>
<b>2020/EES/27/05</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9737 – Ageas Portugal/JMRS/SPSI) .....	<b>4</b>
<b>2020/EES/27/06</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9766 – APG/CalSTRS/Munich Re/Astoria I & II) .....	<b>4</b>
<b>2020/EES/27/07</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9775 – Global Payments/CaixaBank/MoneyToPay) .....	<b>5</b>
<b>2020/EES/27/08</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9786 – RIL/BP/RBML JV) .....	<b>5</b>
<b>2020/EES/27/09</b>	Tilkynning um beitingu 3. gr. tilskipunar 98/70/EB að því er varðar hámarksgufuþrýsting fyrir bensín .....	<b>6</b>

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9447 – Hitachi/ABB (Power Grid Division))**

**2020/EES/27/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Hitachi Ltd. („Hitachi“, Japan).
- ABB Management Holding AG („ABB (Power Grid Division“)), Sviss), undir yfirráðum ABB Ltd.

Hitachi nær yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir ABB (Power Grid Division).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Hitachi: starfsemi á ýmsum viðskiptasviðum, m.a. á sviði upplýsingatæknilausna, orkulausna (m.a. þróun, högun, framleiðsla og sala á vörum, kerfum og verkefnum sem tengjast: a) háspennuvörum, b) spennum, c) sjálfvirkni raflínukerfis, d) samþættingu raflínukerfis), iðnaðarlausnir, hreyfanleikalausnir og snjalllausnir.
- ABB (Power Grid Division): fæst við þróun, högun, framleiðslu og sölu á vörum, kerfum og verkefnum sem tengjast: a) háspennuvörum, b) spennum, c) sjálfvirkni raflínukerfis og d) samþættingu raflínukerfis).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB C 136, 27.4.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9447 – Hitachi/ABB (Power Grid Division)

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja****2020/EES/27/02****(mál M.9785 – EFL/DBK/Hama Polska)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Europejski Fundusz Leasingowy S.A. („EFL“, Póllandi), sem tilheyrir Crédit Agricole Group (Frakklandi).
- DBK sp. z o.o. („DBK“, Póllandi).
- Hama Polska sp. z o.o. („Hama Polska“, Póllandi); sem stendur eingöngu undir yfirráðum DBK.

EFL og DBK ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Hama Polska.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- EFL: annast fjármálalausnir, m.a. leigu-, kröfu-, lána- og langtímaleigubjónustu. EFL starfar aðeins í Póllandi og er hluti af Crédit Agricole Group. Crédit Agricole Group er með starfsemi um allan heim á sviði banka- og fjármálaþjónustu.
- DBK: fyrirtæki í einkaeigu sem afhendir vörur og þjónustu í þágu flutninga-, skipaflutninga- og aðfangageirans, m.a. fjárhagslegan stuðning og þjónustu eftir sölu. DBK Group starfar einkum í Póllandi og í minna mæli í Litháen.
- Hama Polska: leiga á trukkum og eftirvögnum undir merkjum „DBK Rental“ í Póllandi.

3. Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 138, 28.4.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9785 – EFL/DBK/Hama Polska

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu)

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:  
European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.8832 – Knauf/Armstrong)**

2020/EES/27/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. desember 2018 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32018M8832. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9626 – PKN Orlen/Energa)**

2020/EES/27/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 31. mars 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9626. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9737 – Ageas Portugal/JMRS/SPSI)**

2020/EES/27/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 8. apríl 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9737. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9766 – APG/CalSTRS/Munich Re/Astoria I & II)**

2020/EES/27/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. apríl 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9766. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9775 – Global Payments/CaixaBank/MoneyToPay)**

2020/EES/27/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. apríl 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9775. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

**Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja**  
**(mál M.9786 – RIL/BP/RBML JV)**

2020/EES/27/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. apríl 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9786. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

<sup>(1)</sup> Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um beitingu 3. gr. tilskipunar 98/70/EB að því er varðar  
hámarksgufuþrýsting fyrir bensín**

2020/EES/27/09

Í I. viðauka við tilskipun 98/70/EB („tilskipun um eldsneytisgæði“) er að finna tækniforskriftir fyrir eldsneyti sem heimilt er að setja á markað í aðildarríkjunum í samræmi við 2. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Um er að ræða forskrift þar sem hámarksgufuþrýstingur reiknast 60 kPa fyrir svonefint „sumarbensín“ sem sett er á markað á skilgreindu sumartímabili. Sumartímabilið er skilgreint sem tíminn frá 1. maí til 30. september. Í aðildarríkjum þar sem umhverfishiti að sumarlagi er lágur, skv. skilgreiningu í 5. mgr. 2. gr. tilskipunar um eldsneytisgæði, er sumartímabilið frá 1. júní til 31. ágúst. Ef undanþága er veitt, í samræmi við 5. mgr. 3. gr. tilskipunar um eldsneytisgæði, getur hámarksgufuþrýstingur fyrir eldsneyti, sem sett er á markað í aðildarríkjum þar sem umhverfishiti að sumri er lágur, reiknast 70 kPa yfir sumarmánuðina, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Markmiðið með kröfunni um hámarksgufuþrýsting fyrir eldsneyti sem sett er á markað, er í þágu lýðheilsu- og umhverfisverndar.

Skv. gr. 9a skulu aðildarríkin ákveða viðurlög vegna brota gegn skilyrðum krafanna sem settar eru fram með tilskipuninni. Viðurlögin eiga að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif.

Allmörg aðildarríki hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni um umtalsverðan samdrátt í eftirspurn eftir eldsneyti, sem helgast af þeim ráðstöfunum sem gerðar voru til þess að bregðast við Covid-krísunni, og verulegan samdrátt í sölu á „vetrarelidsneyti“, þ.e. eldsneyti sem ekki er í samræmi við þær forskriftir sem gilda á sumartímabilinu. Hefur þetta leitt til ófyrirséðra birgða af „vetrarelidsneyti“ í aðfangakeðjunni, sem kunna að endast til 1. maí (eða 1. júní hins vegar), þegar eldsneytisforskriftirnar sem gilda yfir sumarmánuðina taka gildi. Því má búast við því að þessar birgðir af „vetrarelidsneyti“ verði ekki kláraðar fyrir þann tíma. Það gerir að verkum, að ekki er hægt að gera „sumarelidsneyti“ aðgengilegt fyrir dagsetninguna þegar nýtt tímabil hefst, án þess að klára fyrst birgðir af „vetrarelidsneyti“.

Af tilkynningum sem hafa borist framkvæmdastjórninni frá ýmsum aðildarríkjum má því ráða, að aðildarríkin íhuga mismunandi leiðir til þess að tryggja áframhaldandi skammtímaframboð á eldsneyti til flutningastarfsemi, m.a. neyðarflutninga, á meðan erfiðleikatímabilið stendur yfir.

Fjöldi aðildarríkja hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um þá ætlun sína, að bensín þar sem hámarksgufuþrýstingur reiknast 60 kPa verði ekki sett á markað fyrr en eftir að sumartímabilið, sem skilgreint er í tilskipuninni um eldsneytisgæði, er byrjað, eða einum til tveimur mánuðum eftir dagsetninguna þegar nýtt tímabil hefst. Sum aðildarríkin ætla að breyta, eða hafa þegar breytt, löggjöf sinni að þessu leyti.

Önnur aðildarríki íhuga leið sem ekki felur í sér formlega breytingu á þeirri löggjöf sem innleiðir tilskipunina um gæði eldsneytis, en varðar eftirlitsskyldur stjórnvalda aðildarríkjanna samkvæmt þeirri tilskipun, og/eða að forskriftum fyrir gufuþrýsting á sumarmánuðum, sem settar eru með tilskipuninni, sé framfylgt.

Framkvæmdastjórnin vill því gera athugasemdir við þessar leiðir (sjá [Stjúd. ESB C 127, 20.4.2020, bls. 2](#)).

Í fyrsta lagi ber að geta þess, að sú skylda stjórnvalda aðildarríkjanna, að hafa eftirlit með því að forskriftum fyrir bensín sem sett er á markað, skv. 8. gr. tilskipunarinnar um eldsneytisgæði, sé framfylgt, tengist ekki sérstakri dagsetningu.

Í öðru lagi minnir framkvæmdastjórnin á þá kröfu, að beiting innlendra viðurlaga vegna brota á kröfunum sem tilskipunin mælir fyrir um, sé í samræmi við meðalhófsreglu, að því er varðar ákvörðun viðurlaga í samræmi við gr. 9a tilskipunarinnar um eldsneytisgæði.

Í því samhengi, og svo unnt sé að beita þeirri almennu reglu Sambandsréttar með skilvirkum hætti, ber að taka mið af öllum eftirfarandi skilyrðum:

- einstökum og ófyrirséðum aðstæðum af völdum Covid-krísunnar,
- nauðsyn þess að tryggja skammtímaframboð á eldsneyti innan Sambandsins til flutninga, m.a. neyðarflutninga, á meðan erfiðleikatímabilið stendur yfir,
- þótt uppfylling krafna varðandi hámarksgufuþrýsting sé almennt til þess fallin að takmarka losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda við herra hitastig, samkvæmt gögnum og upplýsingum sem framkvæmdastjórnin hefur aðgang að, og þótt ekki sé unnt að mæla áhrifin til fulls að svo stöddu, virðist takmörkuð umhverfisáhætta skapast, að því er varðar takmarkað magn af fyrirbyggjandi birgðum af „vetrareldsneyti“, þann stutta tíma sem ráðgert er að þurfi til þess að klára þessar birgðir; hlutfall rokgjarnra lífrænna efnasambanda sem losuð eru almennt við flutninga á vegum, og hönnun ökutækjanna í því skyni að takmarka losun vegna uppgufunar.

Að sama skapi, ef innlendri löggjöf sem innleiðir tilskipunina um eldsneytisgæði er breytt á þann hátt að hún er ekki lengur í samræmi við tilskipunina, mun framkvæmdastjórnin samt sem áður ekki grípa til aðgerða svo fremi að misræmi vari í takmarkaðan tíma, sé ekki umfram það sem þarf til þess að setja á markað það magn sem eftir er af birgðum af „vetrareldsneyti“, það varði ekki aðrar skyldur samkvæmt tilskipuninni um eldsneytisgæði og dragi því úr áhættu hvað varðar heilbrigðis- og umhverfissjónarmið, sem eru grundvöllurinn að eldsneytisforskriftunum í tilskipuninni um eldsneytisgæði.

Þegar tekið er tilliti til hinna sérstöku aðstæðna vegna þeirra hamla sem hafa verið settar til þess að bregðast við Covid-krísunni, er gengið út frá því að ekki megi setja á markað aðrar birgðir af „vetrarbensíni“ á sumartímabilinu 2020 en þær sem þegar eru til staðar fyrir 1. maí 2020, annars vegar, eða 1. júní 2020, hins vegar, í aðildarríkjum þar sem umhverfishiti er lágur.

Í millitíðinni mun framkvæmdastjórnin hafa náð eftirlit með aðstæðum í tengslum við framkvæmd tilskipunarinnar um eldsneytisgæði. Mun það útheimta náð samstarf við lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum.

Því fer framkvæmdastjórnin góðfúslega fram á það að öll aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina fyrir 15. maí 2020, um

- 1) raunbirgðir af bensíni sem ekki uppfyllir forskriftirnar sem gilda á sumartímabilinu á yfirráðasvæði þeirra hinn 1. maí 2020. Að því er varðar aðildarríki þar sem umhverfishiti er lágur skv. skilgreiningu 5. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, er óskað eftir því að þessar upplýsingar séu veittar eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi fyrir 15. júní 2020 að því er varðar birgðir af eldsneyti hinn 1. júní 2020,
- 2) tímamann sem áætlað er að taki að klára núverandi birgðir af „vetrareldsneyti“.